

TECTONICS

18. — 20. APRÍL

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM

Dagskrá
2013


Harpa



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ávarp

*Hvernig getur sinfóníuhljómsveitin, þetta 19. aldar ferlíki, orðið framsæknari og róttækari?
Er það mögulegt?*



Þetta eru spurningar sem leiddu mig út í ferðina sem gat af sér Tectonics tónlistarhátíðina sem var haldin í fyrsta sinn í Reykjavík á síðasta ári.

Á Tectonics koma saman tónlistarmenn ólíkra heima með alls konar bakgrunn fyrir framan áheyrendur sem eru opnir fyrir nýrri reynslu og hræðast ekki hið óvænta. Á hátíðinni eru jafnt ung tónskáld sem leiðandi einstaklingar, kammertónlist, hljómsveitartónlist og rafverk.

Ég er spenntur fyrir hinum mörgu atburðum í opnum rýmum Hörpu. Fjöldi flautuleikara að spila göldrótt verk eftir Henry Brant, spennandi skólaverkefni, tvö stór verk eftir Christian Wolff, Lúðrasveit æskunnar spilar göngulag Globokars – á göngu – og nýtt verk eftir Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur.

Við munum einnig nota svæðið fyrir utan Hörpu fyrir tvær innsetningar og í umfangsmiklum flutningi á verki Pauline Oliveros frá áttunda áratugnum.

Aðalgestur Tectonics hátíðarinnar að þessu sinni er Christian Wolff, eitt mikilvægasta tónskáld í Bandaríkjunum á okkar dögum. Hann hefur verið í fararbroddi tónlistartilrauna í meira en fimmtíu ár, unnið jöfnum höndum með atvinnu- og áhugamönnum, skrifað fjölmörg „opin“ verk - þar sem engin hljóðfæraskipan er gefin – og verk sem krefjast afar stórra flytjendahópa. Christian mun leiða flutning á nýlegu kammerverki sínu, Dijon, auk þess sem hann tekur þátt í spunaverkefni með öðrum gestum hátíðarinnar.

Þrír aðrir Bandaríkjamenn koma fram á hátíðinni, Eyvind Kang, Jessika Kenney og Eli Keszler, og jafnframt fjöldi íslenskra tónlistarmanna. Eli mun setja upp nýja innsetningu í Kaldalóni. People Like Us frá Bretlandi mun koma með tvö ný kvikmyndar/tónlistarverk. Sinfóníuhljómsveit Íslands mun frumflytja mörg ný verk, meðal annars nýtt verk fyrir kammerkór, hljómsveit og þrjá einleikara eftir Jessiku Kenney og Eyvind Kang.

Þessir þrír dagar verða stútfullir af tónleikum, innsetningum og nýstárlegri samvinnu í hinum ýmsu sölum og opnu rýmum Hörpu. Þetta verður rússibanareid.

Sjáumst þar

Ilan Volkov

listrænn stjórnandi Tectonics og aðalhljómsveitarstjóri S.Í.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL

18:00 - ANDDYRI HÖRPU

Vinko Globokar:
Crocs en jambe
 Lúðrasveit æskunnar
 Stjórnandi: Ingi Garðar
 Erlendsson

19:00 - ELDBORG

Opnunartónleikar
Þráinn Hjálmarsson: Influence
of Buildings on Musical Tone
 fyrir slagverk og strengi

Atli Heimir Sveinsson: Spectacles
 fyrir slagverk

Eyvind Kang/ Jessika Kenney:
Concealed Unity fyrir hljóm-
 sveit, kór og þrjá sólista
 Skúli Sverrisson, rafbassi
 Kammerkór Suðurlands
 Sinfóníuhljómsveit Íslands
 Stjórnandi: Ilan Volkov

20:00 - UTANDYRA

„Tesla’s Tectonic Event
 Generator“
 Dean Ferrell, kontrabassa-
 leikari, í samvinnu við Pál
 Einarsson, jarðeðlisfræðing,
 og Evu Signýju Berger,
 myndlistarmann

20:30 - ELDBORG

Christian Wolff I

Christian Wolff:

Nine
 Félagar úr S.Í.
 Stjórnandi: Ilan Volkov

Dijon

Christian Wolff, píanó
 Arngunnur Árnadóttir,
 klarínnett
 Borgar Magnason, kontrabassi
 Eli Keszler, slagverk
 Eyvind Kang, víóla

Quodlibet

Sinfóníuhljómsveit Íslands
 Stjórnandi: Ilan Volkov

21:30 ANDDYRI

Vinko Globokar:
Crocs en jambe
 Lúðrasveit æskunnar
 Stjórnandi: Ingi Garðar
 Erlendsson

22:00 - NORÐURLJÓS

Magnus Lindberg: Ablauf
 fyrir klarínnett og tvær
 bassatrommur
 Chen Halevi, klarínnett
 Steef van Oosterhout og
 Eggert Pálsson, bassatrommur

Magnus Lindberg: Acequia Madre
 fyrir klarínnett og píanó
 Chen Halevi, klarínnett
 Víkingur Heiðar Ólafsson,
 píanó

Spuni

Christian Wolff
 Eyvind Kang
 Skúli Sverrisson
 Jessika Kenney
 Hildur Guðnadóttir

23:00 - KALDALÓN

Eli Keszler: Breaker – NEUM
 Duo Harpverk og Eli Keszler

FÖSTUDAGUR 19. APRÍL**18:00 - ANDDYRI***Henry Brant: Mass for June 16* –

Gregorssöngur fyrir einradda flautukór

Íslenski flautukórinn

Stjórnandi á æfingum: Hallfríður

Ólafsdóttir

Stjórnandi: Ilan Volkov

19:00 - ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands með Víkingi og Chen

*Guðmundur Steinn Gunnarsson: Grafata**Atli Ingólfsson: Lokalagið úr kvikmyndinni Í draumi sérþvers manns er fall hans falið* fyrir píanó og hljóm-sveit

Einleikari: Víkingur Heiðar

Ólafsson

Magnus Lindberg: Klarínnettukonsert

Einleikari: Chen Halevi

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stjórnandi: Ilan Volkov

20:00 - UTANDYRA

„Tesla's Tectonic Event Generator“

Dean Ferrell, kontrabassaleikari, í samvinnu við Pál Einarsson, jarðeðlisfræðing, og Evu Signýju Berger, myndlistarmann

20:30 - ELDBORGAð mestu í myrkri*Hildur Ingveldardóttir**Guðnadóttir: Undir tekur yfir*

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stjórnandi: Ilan Volkov

Guiliano D'Angiolini: 7 flauti – 16'56"

Íslenski flautukórinn

Anna Þorvaldsdóttir: Into – second self fyrir málmblásara og slagverk

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stjórnandi: Ilan Volkov

21:30 - ANDDYRI*Christian Wolff: Wobbly Music*

Kammerkór Suðurlands

Stjórnandi: Egill Gunnarsson

22:00 - NORÐURLJÓS

Fjórir Bandaríkjamenn

Morton Feldman: Voice, violin and piano fyrir rödd, fiðlu og píanó*Morton Feldman: For Franz Kline* fyrir sópran, horn, slagverk, fiðlu, selló og píanó

Jessika Kenney, rödd

Félagar úr S.Í.

Eli Keszler: Breaker – NEUM Sóló

Jessika Kenney / Eyvind Kang:

Dúó

23:00 - KALDALÓN

Eli Keszler: Breaker – NEUM

Duo Harpverk og Eli Keszler

LAUGARDAGUR 20. APRÍL**15:00 - ANDDYRI**

S.L.Á.T.U.R. skólinn

Menntaverkefni Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands

Tónlist, endurvinnsla, skógrækt

Nemendur úr Brúarskóla í

samvinnu við Sinfóníuhljómsveit

Íslands, Áka Ásgeirsson, Jesper

Pedersen, Sorpu og Skógrækt

ríkisins

Verkefnið er styrkt af 365 Miðlum

16:00 - NORÐURLJÓSFoldarrými

0) Áki Ásgeirsson: 10 sprengingar

1) Christian Wolff: Metal and Breath fyrir tvo eða fleiri flytjendur

2) Páll Ivan Pálsson: Hrista

3) Christian Wolff: Stones úr Prose Collection

4) Þórum Björnsdóttir: My life is your life

5) Christian Wolff: Groundspace úr Prose Collection

Fengjastrútur og fleiri

17:00 - HÓTELGRUNNUR

Oliveros og Wolff

Christian Wolff: Pit music úr Prose Collection*Pauline Oliveros: Willowbrook Generations and Reflections*

Fengjastrútur og gestir

Stjórnendur: Ilan Volkov,

Áki Ásgeirsson og Guðmundur

Steinn Gunnarsson

18:00 - ANDDYRI*Christian Wolff: Burdocks*

Lúðrasveit æskunnar

18:30 - SILFURBERG*People Like Us: „Consequences (One Thing Leads To Another)“*

Flytjandi: People Like Us

19:30 - NORDURLJÓS
Christian Wolff II

Christian Wolff:

Prelúdíur fyrir píanó
Víkingur Ólafsson, píanó

Violist Pieces fyrir víólu
Eyvind Kang, víóla

For Morty fyrir klukkuspil, víbrafón
og píanó
Félagar úr S.Í.

Digger Song fyrir fiðlu, víólu, selló og
slagverk
Félagar úr S.Í.

20:30 - SILFURBERG
Tónlist og kvikmyndir

Jesper Pedersen: HAJODAKESE
Þetta verk er samið með stuðningi
Dansk Kulturfond.

*Halldór Úlfarsson: Duó fyrir EMS &
balldorophone*

*Vicki Bennett (People Like Us): „Gesture
Piece“*

Flytjendur:
Davið Þór Jónsson
Hlynur Aðils Vilmarsson
Jesper Pedersen
Kristín Þóra Haraldsdóttir
Skúli Sverrisson

21:15 - ANDDYRI

*Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir:
Yfir á hæðum*
Lúðrasveit æskunnar

22:00 - SILFURBERG

Lokatónleikar

Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir /
Skúli Sverrisson
Borgar Magnason / Jóel Pálsson
Reptilicus: Re: written
Kjartan Sveinsson / Skúli Sverrisson

INNSETNINGAR/SÝNINGAR

Breaker – NEUM

Eli Keszler
KALDALÓN,
fimmtudagur og föstudagur

Tesla's Tectonic Event Generator
Dean Ferrell, kontrabassaleikari,
í samvinnu við Pál Einarsson,
jarðeðlisfræðing, og Evu Signýju
Berger, myndlistarmann

UTANDYRA
Fimmtudagur til laugardags

S.L.Á.T.U.R. skólinn

Menntaverkefni Sinfóníu-
hljóm sveitar Íslands
Tónlist, endurvinnsla, skógrækt
Nemendur úr Brúarskóla í samvinnu
við Sinfóníuhljóm sveit Íslands, Áka
Ásgeirsson, Jesper Pedersen, Sorpu
og Skógrækt ríkisins
ANDDYRI Á FYRSTU HÆÐ
Fimmtudagur til laugardags
Verkefnið er styrkt af 365 Miðlum.

Tónlist fyrir fundið reiðhjól

Hlynur Aðils Vilmarsson / Halldór
Úlfarsson:

Tónlist fyrir fundið reiðhjól.

**STEMMA, FUNDARHERBERGI Á
FYRSTU HÆÐ**

Laugardagur

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL

Dagur I

Á músíkölsku hættusvæði...



18:00 - ANDDYRI

Vinko Globokar: Crocs en jambe (2000)

Lúðrasveit æskunnar

Stjórnandi: Ingi Garðar Erlendsson

*flytjandinn
virkjaður
til
sköpunar
og leiks*

Við byrjum með lúðrasveitarmarsi að hætti fransk-slóvenska tónskáldsins **Vinko Globokar** (f. 1934). Sjálfur sprettur hann upp úr djassenu Slóveníu og einbeitti sér framan af að því að spila djassmúsík á básúnu í Ljubljana. Hann innritaðist í Parísarkonservatoríið árið 1955, nam tónsmíðar hjá René Leibowitz, hélt síðar til Berlínar og nam hjá Luciano Berio. Globokar er básúnuvirtúós og hefur frumflutt fjölmörg tónverk eftir tónskáld á borð við Kagel, Stockhausen, Takemitsu og Berio. Í mörgum verka hans er flytjandinn virkjaður til sköpunar, spuna og leiks. Tilviljanatækni er óspart beitt og gripið til alls kyns hljóðgjafa, leikið á hefðbundin og óhefðbundin hljóðfæri; líkaminn verður t.d. að hljóðfæri í verkum eins og *Corporeal*, slagverksverki frá árinu 1985 þar sem flytjandinn spilar einvörðungu á líkama sinn.

Crocs en jambe þýðir að bregða fæti fyrir, hamla. Það er skemmtilegt í ljósi þess að hér er um gönguferð að ræða, níu manna lúðrasveit (2 saxófóna, 2 trompetta, 2 básúnur, 1 túbu, 2 slagverk) sem ferðast um rými tónleikastaðarins (í þessu tilviki Hörpu). Spuninn er ekki fyrirferðarmikill, verkið er meira og minna útskrifað en formið er opið þar sem flytjendum er heimilt að raða einungum eða köflum verksins saman á þann hátt sem þeir kjósa.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

18. APRÍL

Á músíkölsku
hættusvæði...

Lúðrasveit eskunnar var stofnuð árið 1989 og hefur frá upphafi verið skipuð ungum nemendum á aldrinum 15 til 25 ára sem koma víðs vegar að af landinu. Guðmundur Óli Gunnarsson og Ingi Garðar Erlendsson eru stjórnendur sveitarinnar starfsárið 2012 til 2013.

19:00 - ELDBORG

Opnunartónleikar

Þráinn Hjálmarsson: Influence of Buildings on Musical Tone fyrir slagverk og strengi (2013 - frumflutningur)

Félagar í S.Í.:

Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Bryndís Halla Gylfadóttir, selló

Hávarður Tryggvason, kontrabassi

Steef van Oosterhout, Frank Aarnink, slagverk

Atli Heimir Sveinsson: Spectacles fyrir slagverk (1969)

Eggert Pálsson, Frank Aarnink, Magnús Tryggvason Eliassen, Pétur

Grétarsson, Steef van Oosterhout, Þorvaldur Gröndal

Eyvind Kang/Jessika Kenney: Concealed Unity fyrir hljómsveit, kór og þrjá sólista (2012/13, frumflutningur)

Skúli Sverrisson, rafbassi

Kammerkór Suðurlands

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stjórnandi: Ilan Volkov

Vangaveltur um samspil arkitektúrs og tónlistarsögunnar eru kveikjan að verki Þráins, ***Influence of Buildings on Musical Tone*** (áhrif rýma á tón) en heiti verksins er fengið úr grein eftir Hope Bagenal frá árinu 1927. Tónlist hefur í gegnum aldirnar verið smíðuð inn í ákveðin hljómrými og mótast af þeim, ómtíma dómkirkjunnar, smæð kammersalarins, stærð íþróttaleikvangsins, þótt hin hefðbundna tónlistarsaga geri ekki mikið úr þessu samspili ómrýma og tónlistar. Þráinn kveður verkið náskýlt kammerverkinu *MMXIII* (2013) sem Kammerveit Reykjavíkur frumflutti fyrr á árinu en nýja verkið er fyrir fiðlu, víólu, selló, kontrabassa og tvo slagverksleikara. Þetta er lágvært verk, vinna tónskáldsins með hreyfinótur (sem birtast á tölvuskjá) hefur litað nálgun þess við hljóðfæri og flutning tónlistar. Hljóðin þar verða að einhverju viðbragði og fela í sér lit sem er ólíkur hefðbundnum flutningi.

Verk **Þráins Hjálmarssonar** (f. 1987) hafa verið flutt af ótal hljóðfærahópum og einleikurum á borð við Tinnu Þorsteinsdóttur, Njúton, Athelas-sinfóníettuna, Duo Harpverk, Ensemble Klang og Kammer-sveit Reykjavíkur. Þráinn er virkur félagi í S.L.Á.T.U.R. (Samtökum listrænt ágengra tónskálda umhverfis Reykjavík) og LornaLAB.

.....
Spectacles fyrir slagverk og segulband samdi **Atli Heimir Sveinsson** (f. 1938) árið 1969. Verkið er tileinkað Péttri Östlund, slagverksleikara, sem frumflutti það árið 1969 í Jazzklúbbi Reykjavíkur og átti eftir að spila það talsvert oft. Hér á Tectonics hljómar það í flutningi sex slagverksleikara.

*Talaðu
við
áhorfendur.
Eða ekki.*

Í raddskrá skrifar Atli Heimir m.a.: „Verkið skal leikið af einum eða fleiri hljóðfæraleikurum ... Hljóðfæraleikararnir skulu dreifa sér á meðal áhorfenda eða í kringum þá. Þegar engin fyrirmæli eru í raddskránni mega hljóðfæraleikarar gera það sem þeim dettur í hug. Öll fyrirmæli má lesa bókstaflega, frjálsglega, sem hvata eða ábendingu.“

Í raddskrá er segulbandsparturinn teiknaður upp á tímaás þar sem fylgjast má með framvindu hans. Fyrirmæli til hljóðfæraleikara eru svo misóræð og opin. Þar skiptast á hringlaga tákni og strik og setningar á borð við: „Talaðu við áhorfendur, eða ekki.“ „Ekki hreyfa þig.“ „Notaðu líkama þinn sem hljóðfæri.“ „Líktu eftir segulbandspartinum.“ „Brostu.“

.....
Víóluleikarinn og tónskáldið **Eyvind Kang** (f. 1971) ætti að vera íslenskum tónlistaráhugamönnum að góðu kunnur en hann hefur um árabíl verið náinn samstarfsmaður íslenskra tónlistarmanna á borð við Skúla Sverrisson og Hilmar Jensson. Hann hefur leikið inn á rúmlega fimmtíu plötur, komið fram með Bill Frisell, Laurie Anderson, Beck, John Zorn, Marc Ribot, Animal Collective og fleirum og fleirum; plötur með tónlist hans hafa komið út hjá útgáfufyrirtækjum á borð við MEGO og Tzadik, og tónlist hans hefur verið flutt af fjölmörgum hljómsveitum og hljóðfærahópum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Kang hefur numið tónlist ólíkra menningarheima, spilar á persnesk, indversk og indónesísk strengjahljóðfæri, enda rennur tónlist ótal menningarheima inn í tónsköpun Kang.

Verkefni bandarísku söngkonunnar og tónskáldsins **Jessika Kenney** (f. 1976) eru víðfeðm, hún hefur einbeitt sér að flutningi persneskrar og indónesískrar tónlistar og vestrænni samtímatónlist sem rúmar pönk, rokk, John Cage, Lou Harrison, Tadao Sawai. Kenney hefur

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

18. APRÍL

Á músíkólsku
hættusvæði...

hinu ytra/
innra,
hinu
opinskáa/
því
falda

starfað með Eyvind Kang að útgáfu tveggja platna, *Aestuarium* (2005) og *The Face of the Earth* (2011).

Verkið **Concealed Unity** (Dulin eining), er í tveimur þáttum. Sá fyrri ber heitið *Before we were one we were two* en sá síðari *Before the snow* en í þeim þætti sækja tónskáldin í texta til persneska ljóðskáldsins Hafez (uppi á 15. öld) og í hina kínversku spádómsbók *I Ching*. Verkið er samið fyrir kór og margar hljóðfæraveitir sem raða sér um tónleikasalinn. Þetta er rannsókn á dulvitund og umbreytingu, hinu ytra/innra, hinu opinskáa/því falda, því sem við gerum og því sem við nemum, segja tónskáldin.

20:00 - UTANDYRA

„Tesla's Tectonic Event Generator“

Dean Ferrell, kontrabassaleikari, í samvinnu við Pál Einarsson, jarðeðlisfræðing, og Evu Signýju Berger, myndlistarmann. Dean Ferrell hefur búið til þrjú risastór sérsmíðuð hljóðfæri sem minna á miðalda-hljóðfærið tromba marina (hljóðfæri áþekkt langspili). Hljóðfæri Dean eru tvöfalt lengri og þykkari og þar af leiðandi með margfalt dýpra tónsvið. Hljóðfærin eru látin framkalla grunntóna og yfirtóna sem byggja á stærðfræðilegum formúlum vísindamannsins Nicola Tesla (1856-1943). Ákveðinn mótör drífur hljóðfærin áfram en áheyrendur geta jafnframt hjálpað til við að framkalla hljóðin.

Dean Ferrell hefur spilað með fjölmörgum hljómsveitum um heim allan, t.d. Fílharmóníusveitinni í Hong Kong, símfóníuhljómsveitunum í San Diego og San José, Hljómsveit Norsku óperunnar og Símfóníuhljómsveit Íslands þar sem Ferrell hefur spilað um árabil. Samhliða hljómsveitarspili hefur Dean Ferrell lagt sig eftir því að spila á upprunahljóðfæri barokkskeiðsins og klassíska tímans.

20:30 - ELDBORG

Christian Wolff I

Christian Wolff:

Nine (1951)

Félagar úr S.Í.

Dijon (2012/13)

Christian Wolff, píanó

Arngunnur Árnadóttir, klarínnett

Borgar Magnason, kontrabassi

Eli Keszler, slagverk
Eyvind Kang, víola

Quodlibet (2007)
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Stjórnandi: Ilan Volkov

**„Tónsmíð verður að fela í sér að flytjandinn viðhaldi
frelsi sínu og reisu.**

**Þar á hvort tveggja að vera hægt, að einbeita sér og að sleppa.
Ekkert hljóð er göfugra en annað.**

Hlustendur skyldu vera jafn frjálisir og flytjendurnir.“

(Christian Wolff)

Heiðursgestur Tectonics-hátíðarinnar í ár er bandaríska tónskáldið **Christian Wolff**, eitt áhrifamesta tónskáld okkar tíma, sem átti, ásamt félögum sínum í hinum svonefnda New York skóla (en til hans teljast líka John Cage, Morton Feldman og Earle Brown), þátt í að umbylta hugmyndum okkar um eðli tónlistar, tónlistarflutnings, tónleikaforms og tónlistarupplifunar. Hin vestræna klassíska tónlistarsaga, sem hafði fram að því verið býsna línuleg (vissulega með útúrsmúningum og krúsí-dúllum), átti aldrei eftir að verða söm. Öllu var snúið á hvolft og raunar má segja að einhvers konar núllpunktur eigi sér stað í tónlistarsögunni með verki á borð við 4'33 sem varpar fram grundvallarspurningu um tónlist og hvað hún sé. Hlutverk tónskáldsins verður í raun að skapa rými og aðstæður fyrir okkur til að skynja og hlusta upp á nýtt, hugmyndinni um hinn alvalda höfund er hafnað og flytjandinn/hlustandinn er virkjaður til skapandi afstöðu.

”Þegar maður heyrir fyrst tónlist Christian Wolff líður manni eins og maður hafi heyrt eitt-hvað algerlega einstakt, ólíkt öllu öðru. En við nánari umhugsun áttar maður sig á því að þetta er jafn kunnuglegt og hversdagslegt og að vakna á morgnana, fara í skólann og vaska upp. Í tónlistinni er regla en á sama tíma stanslaus truflun, þetta er kunnugleg tónlist og á sama tíma furðuleg... Þetta er súrrealísk tónlist sem afhjúpar ófyrirsjáanleika lífsins, þetta er pólitísk tónlist sem snýst um valddreifingu og samræðu. En í raun er ekki hægt að segja hvers konar tónlist þetta er. Kannski John Cage hafi komist næst því þegar hann sagði einhverju sinni að tónlist Wolffs væri eins og klassísk tónlist frá óþekktum menningarheimi. “

(Frederic Rzewski)

Tónlist Wolff hefur örsjaldan verið flutt á Íslandi og hér gefst því einstakt tækifæri til að kynna verkum þessa merkilega listamanns. Á Tectonics-hátíðinni verður boðið upp á verk frá ýmsum skeiðum tónlistarmannsins, allt frá 1951 til 2012.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR 18. APRÍL

Á músíkölsku
hættusvæði...

*Hugmynd-
inni um
hinn
akvalda
höfund er
hafnað*

Elsta verkið eftir Wolff, sem hljómar á Tectonics, er jafnframt eitt elsta verk Wolff, **Nine** fyrir flautu, klarínnett, horn, trompett, básúnu, selestu, píanó og tvö selló, samið árið 1951 af einungis 17 ára gömlu tónskáldi.

Yngsta verkið, **Dijon**, er samið á árunum 2012 til -13, tileinkað myndlistarmanninum Jasper Johns (f. 1930). Verkið er fyrir fjóra til tíu hljóðfæraleikara, sem spila á hvaða hljóðfæri sem þeir kjósa. Verkið var frumflutt í febrúar síðastliðnum af franska samtímatónlistarhópnum Ensemble Daedalus og Christian Wolff sem einnig er á meðal flytjenda hér í kvöld. Í inngangi segir tónskáldið að hljóðfæraleikurum sé frjálst að sleppa ákveðnum köflum innan tónverksins en þeir þurfi þó að spila niðurlag þess (síðustu blaðsíðuna í nótnahandriti). Engin fyrirmæli eru um hraða verksins, innan þess eru fjölmargar hendingar eða einingar sem flytjendum er frjálst að raða eins og þeir kjósa og í þeim tóntegundalykli sem þeir telja að henti verkinu best

Heiti kammersveitarverksins **Quodlibet** frá 2007 vísar í tónlistarhugtak þar sem ólíku stefjaefni er fléttað saman í eitt. (Vel þekkt er quodlibet hins kanadíska Glenn Gould þar sem bandaríska og breska þjóðsöngnum er þrætt saman í einn kontrapunkt). Þótt um tilvitanir í önnur verk sé að ræða í tónsmíð Wolffs eru þær nánast óþekktanlegar, hann styðst við tónefnivíð sem hefur verið umbreytt og snúið á haus. Verk Wolffs er mun strangara í formi en önnur sem flutt verða á Tectonics; hér eru hljóðfæraskipan, hraði og tónhæð ákvörðuð af tónskáldinu sjálfu.

- *Sjá nánar um Christian Wolff á bls 32.*

21:30 - ANDDYRI

Vinko Globokar: Crocs en jambe (2000)

Lúðrasveit æskunnar

Stjórnandi: Ingi Garðar Erlendsson

22:00 - NORÐURLJÓS

Magnus Lindberg: Ablauf fyrir klarínnett og tvær bassatrommur (1983)

Chen Halevi, klarínnett

Steef van Oosterhout, Eggert Pálsson, bassatrommur

Magnus Lindberg: Acequia Madre fyrir klarínnett og píanó (2012)

Chen Halevi, klarínnett, Víkingur Heiðar Ólafsson, píanó

Spuni

Christian Wolff, Eyvind Kang, Skúli Sverrisson, Jessika Kenney, Hil-
dur Guðnadóttir

Finnska tónskáldið **Magnus Lindberg** (f. 1958) hefur fyrir margt löngu skipað sér sess sem eitt eftirsóttasta tónskáld Norðurlanda en verk hans hafa verið leikin af mörgum af virtustu sinfóníuhljóm-sveitum heims. Hann var staðartónskáld Fílharmóníusveitar New York borgar á árunum 2009 til 2012 og verk hans hljóma reglulega í flutningi hljómsveita á borð við Lundúnasinfóníettuna, fílharmóníusveitir Berlínar og Los Angeles og sinfóníuhljómsveitirnar í Cleveland, Chicago og San Fransisco svo eitthvað sé nefnt.

Áhrifavaldar koma úr ýmsum áttum þegar litið er til tónlistar Lindbergs. Framan af heillaðist hann af raðtækni Miltons Babbits og þreifaði sig áfram með raftónsmíðar að hætti Stockhausen en í seinni verkum má greina áhrif, úrvinnslu og tilvitnanir í tónskáld eins og Berio, Varése, Stravinsky, Sibelius og Purcell, franska spektraltónlist, bandaríska mínímalista, pönk, rokk, gamelantónlist og áfram mætti telja. Í hljómsveitarverkinu *Kraft*, sem vakti fyrst verulega athygli á Lindberg, er unnið með miklar andstæður og seigfljótandi hljóðamassa en segja má að tónlist Lindbergs hafi síðar þróast í átt til meiri tærleika, fágunar og strangari forma.

Lindberg á þrjú verk á Tectonics-tónlistarhátíðinni, frá ólíkum skeiðum. Það elsta, *Ablauf* fyrir klarínett og tvær bassatrommur, er sótt til ársins 1983. Feykilega kraftmikið og áhrifaríkt verk, eins og ein samfeld rússíbanareid þar sem bassatrommurnar minna einna helst á fallbyssu og yfir henni grætur, öskrar og veinar klarínettann.

Af allt öðrum toga er verkið *Acequia Madre*, samið fyrir kammer-tónlistarhátíðina í Santa Fe í Nýju Mexíkó og frumflutt þar af Chen Halevi á klarínett og Magnusi Lindberg á píanó árið 2012. Í dómi í New York Times skrifaði Anthony Tommasini að tónmál verksins væri módernískt en byggji jafnframt yfir nýrómantískum anda. „Nánast eins og eitthvað sem Rachmaninof hefði getað skrifað ef hann væri uppi á 21.öldinni.“

.....
Spuni skipar veigamikinn sess á Tectonics-hátíðinni enda eiga fjölmargir tónlistarmenn, sem fram koma á henni, það sammerkt að spretta úr spuna og djassgeiranum og nota spuna í eigin tónsmíðum. Hér stíga fram þau Christian Wolff, Eyvind Kang, Skúli Sverrisson, Jessika Kenney og Hildur Guðnadóttir sem hafa öll á einn eða annan hátt unnið með spuna og verið virkir flytjendur eigin tónlistar.

Dagskrá

FIMMTUDAGUR

18. APRÍL

Á músíkólsku
hættusvæði...

23:00 - KALDALÓN

Eli Keszler: Breaker – NEUM (2013 – frumflutningur)

Duo Harpverk og Eli Keszler


Bandaríska tónskáldið, slagverksleikarinn og myndlistarmaðurinn **Eli Keszler** nam tónsmíðar hjá Antony Coleman og Ran Blake við The New England Conservatory. Hann hefur starfað sem tónskáld og hljóðfæraleikari með tónlistarmönnum á borð við Phill Niblock, Roscoe Mitchell, Tony Conrad, Joe McPhee og fleiri og fleiri og leikið inn á fjölmarga geisladiska og plötur. Samhliða tónlistinni gerir Keszler teikningar, málverk og innsetningar sem ýmist eru sýndar einar sér eða í tengslum við lifandi tónlistarflutning. Hann hefur gert innsetningar úr píanóstrengjum þar sem strengirnir eru nýttir sem hljóðgjafar. Verk Keszler, **Breaker – NEUM**, á Tectonics er unnið sérstaklega fyrir hátíðina og með Duo Harpverk í huga.

Duo Harpverk var stofnað árið 2007 af Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara. Þau hafa á þessum sex árum pantað ríflega sextíu tónverk af tónskáldum af ólíku þjóðerni þar sem megináherslan hefur verið á samstarf við ung tónskáld. Duo Harpverk hefur komið fram í Danmörku, Hollandi, Færeyjum, Washington DC og að auki á fjölmörgum tónleikum í Reykjavík. Þau gáfu út geisladiskinn *The Greenhouse Sessions* árið 2012.

FÖSTUDAGUR - 19. APRÍL

Dagur 2

Undir tekur yfir...



18:00 - ANDDYRI

Henry Brant: Mass for June 16 – Gregorssöngur fyrir einradda flautukór (1984)

Íslenski flautukórinn

Stjórnandi á æfingum: Hallfríður Ólafsdóttir

Stjórnandi: Ilan Volkov

Rýmið skipti sköpum í verkum kanadíska tónskáldsins **Henry Brant** (1913-2008) sem var sér mjög meðvitaður um hvaða áhrif staðsetning hljóðfæraleikara og eiginleikar hljóðrýmisins hefðu á merkingu tónverka sinna en þar skipti rýmið jafn miklu máli og tónhæð, taktur og áferð. Brant var tónlistarséni sem lék á fiðlu, flautu, píanó, orgel og slagverk og gat almennt bjargað sér á öll hljóðfæri sínfónuhljómsveitarinnar. **Verkið** sem hér hljómar er samið fyrir eins margar flautur og mögulegt er, þar sem um það bil fimmtungur flautukórsins skal spila á pikkolóflautu. Tónefniviðurinn er sóttur í *Graduale Romanum* og gregorssöng sem fluttur skyldi við messur á 16. júní.

Íslenski flautukórinn var stofnaður í Reykjavík árið 2003 og hefur frá upphafi einkum einbeitt sér að flutningi nýrrar íslenskrar tónlistar. Kórinn hefur m.a. pantað verk og frumflutt eftir tónskáldin Þuríði Jónsdóttur, Steingrím Rohloff, Malin Bång, Jón Hlökkver Áskelsson, Guðmund Stein Gunnarsson og Huga Guðmundsson. Kórinn hefur komið fram á Sumartónleikum í Skálholti, Myrkum músikdögum og Norrænum tónlistardögum svo að eitthvað sé nefnt.

Dagskrá

FÖSTUDAGUR

19. APRÍL

Undir tekur
yfir

19:00 - ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands með Víkingi og Chen

Guðmundur Steinn Gunnarsson: Grafgata (2011 - frumflutningur)

Atli Ingólfsson: Lokalagið úr kvikmyndinni Í draumi sérþvers manns er fall hans falíð fyrir píanó og hljómsveit - frumflutningur

Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson

Magnus Lindberg: Klarínettukonsert (2002)

Einleikari: Chen Halevi

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stjórnandi: Ilan Volkov

Grafgata er jarðarfarrarsálmur eða vögguvísa fyrir einhvern látinn segir Guðmundur Steinn Gunnarsson:

”Ég fékk hugmynd í andvöku, hálfdraumi milli svefns og vöku, veruleika og draumaheims, hugmynd að verki fyrir sinfóníuhljómsveit með hefðbundinni skipan og nótnaskrift. Síðan mótaðist það í gegnum minningar og minnisglöp og varð að því sem það er. Hráefnið er ekki mikið eldað eða kryddað. Ferlið gekk út á að máta þessi föt. Í rauninni þurfti ég að birtast í öðrum líkama til þess að passa í fötin. Því lít ég svo á að ég sé ekki endilega höfundur verksins heldur Hermann frá Hvammi sem andaði því í eyrað á mér. Ég útsetti bara. “

Guðmundur Steinn Gunnarsson (f. 1982) nam tónsmíðar hjá Atla Ingólfssyni í Reykjavík og síðar hjá Alvin Curran, Fred Frith og John Bishoff við Mills College í Kaliforníu. Verk hans hafa verið flutt á tónlistarhátiðum í Bandaríkjunum, Finnlandi, Eistlandi, Tyrklandi og Reykjavík svo eitthvað sé nefnt og af flytjendum á borð við Njúton, Tinnu Þorsteinsdóttur, Kammersveit Reykjavíkur, Unu Sveinbjarnardóttur og Duo Harpverk. **Grafgata** er fyrsta hljómsveitarverk höfundar.

Atli Ingólfsson (f. 1962) nam tónsmíðar á Íslandi og síðar í Frakklandi og á Ítalíu en þar var hann búsettur um langt skeið. Atli hefur samið fjölmörg tónlist af ýmsu tagi auk tveggja tónleikrita. Á meðal flytjenda verka Atla má nefna Arditti-strengjakvartettinn, CAPUT, Tinnu Þorsteinsdóttur, Ensambe intercontemporain, Alter Ego, Útvarpshljómsveitina í München og Sinfóníuhljómsveitina í Cottbus.

Um **píanókonsertinn** segir Atli meðal annars: „Það vakti fyrir mér að gera ekki konsert með sjálfvirkum flugeldasýningum, lengi vel er einleikarinn eins og á kantinum, þótt í raun sé það hann sem drífur

hljómsveitina áfram. Heiti verksins felur að mörgu leyti í sér það sem fram fer og í kvæði Steins Steinarrs felst mikilvæg vísbinding: Í upphafi er hljómsveitin sem draumur píanósins, og vissulega virðist sem píanóið sofi í upphafi, en undir lokin er það orðið draumur eigin draums. Þetta er hins vegar bara lagið úr þeirri kvikmynd - söngurinn til upprifjunar á þessum söguþræði - sem er að sjálfsgöðu ekki til.“

Áður hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt *Orchestra B* og *Mani* eftir Atla Ingólfsson.

Víkingur Heiðar Ólafsson hefur áður frumflutt íslenska píanó-konserta eftir Snorra Sigfús Birgisson (2006), Daníel Bjarnason (2009) og Hauk Tómasson (2010) en allir voru konsertarnir sérstaklega samdir fyrir hann. Víkingur útskrifaðist frá Juilliardskólanum í New York árið 2008 og hefur síðan skipað sér á bekk með fremstu tónlistarmönnum Þjóðarinnar, tekið virkan þátt í íslensku tónlistarlífi með tónleikahaldi, geisladiskaútgáfu og hátíðarhaldi.

Klarínettukonsert Magnus Lindbergs var pantaður af Finniska útvarpinu, frumfluttur 14. september 2002 í Finlandia tónlistarhöllinni í Helsinki af Kari Kriiku á klarínnett og Sinfóníuhljómsveit Finniska útvarpsins undir stjórn Jukka-Pekka Saraste. Konsertinn sló rækilega í gegn og hefur síðan hljómað víða um heim. Um verkið segir Magnus Lindberg m.a.:

” Klarínettukonsertinn er viðamikíð verk, ekki hvað lengd varðar heldur inntak. Það fyrsta sem Kari bað mig um að gera var að láta hljómsveitina spila í fortississimo en leyfa klarínnettunni jafnframt að heyrast. Tónskáld eru oft svo hrædd við að stilla einleikshljóðfærum upp gegnt háværrí hljómsveit. En við gerðum það! Og af öllum mínum verkum er klarínettukonsertinn sá sem ég hef hvað mest dálæti á. “

Ísraelski klarínettuleikarinn **Chen Halevi** er margverðlaunaður og eftirsóttur hljóðfæraleikari sem hefur spilað með mörgum af virtustu hljómsveitum heims og þykir hafa einstakt vald á hljóðfærinu. Verkefnaskrá hans er afar víðfeðm, allt frá tónlist fyrir forvera klarínnettunnar til glænýrrar samtímatónlistar en Halevi er ástríðufullur flytjandi hennar og hefur leikið tónlist eftir Berio, Kurtág, Lindberg, Golijov, Maresz, Jarrell, Ferneyhough, Stroppa, Mantovani og Ades svo einhverjir séu nefndir.

Dagskrá

FÖSTUDAGUR

19. APRÍL

Undir tekur
yfir

20:00 - UTANDYRA

„Tesla's Tectonic Event Generator“

Dean Ferrell, kontrabassaleikari, í samvinnu við Pál Einarsson,
jarðeðlisfræðing, og Evu Signýju Berger, myndlistarmann

20:30 - ELDBORG

Að mestu í myrkri

Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir: Undir tekur yfir (2013 – frumflutningur)

Sinfóníuhljómsveit Íslands
Stjórnandi: Ilan Volkov

Guiliano D'Angiolini: 7 flauti – 16'56" (2010 – frumflutningur)

Íslenski flautukórinn: Áshildur Haraldsdóttir, Berglind Stefánsdóttir,
Hallfríður Ólafsdóttir, Magnea Árnadóttir,
Margrét Stefánsdóttir, Pamela De Sensi, Þuríður Jónsdóttir

Anna Þorvaldsdóttir: Into – second self fyrir málmblásara og slagverk (2013 –
frumflutningur)

Félagar í S.Í.
Stjórnandi: Ilan Volkov

Tónskáldið og sellóleikarinn **Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir** (f. 1982) hefur samið tónlist fyrir leikrit, dansverk, kvikmyndir, verk fyrir kammersveitir, alls kyns hljóðfærasamsetningar, raddir og rafhljóð og samið tónlist að beiðni Konunglega sænska ballettsins, Tate Modern, Opera North og Sinfóníuhljómsveitar Íslands svo að eitthvað sé nefnt. Hildur hefur gefið út þrjár sólóplötur á vegum ensku Touch útgáfunnar: *Mount A* (2006/2011), *Without Sinking* (2009) og *Leyfðu ljósinu* (2002).

Frá Hildi til hlustandans:

„Sumarið 2012 varð ég fyrir þeirri lífsreynslu að *missa meðvitund*. Ég missti reyndar ekki neitt, því að það sem gerðist í rauninni var að það urðu eins konar meðvitundarskipti og undir-meðvitundin tók yfirvöldin af þeirri vitund sem yfirleitt ræður ferðinni.

Stuttu áður en þetta atvik átti sér stað hafði Ilan Volkov samband við mig og bað mig að skrifa tónverk fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í júlí 2012 dreymdi mig verkið, í formi teikningar. Þar sem mér fannst að undir-meðvitundin ætti við mig erindi, þá teiknaði ég það sem mig dreymdi og byggði tónverkið á teikningunni.

Ég mæli ekkert sérstaklega með því að *missa* meðvitund, en það getur verið mjög áhrifaríkt að færa meðvitundina - að einbeita sér og skynfærunum á annan hátt en maður er vanur.

Undir tekur yfir krefst þess af hljóðfæraleikurum hljómsveitarinnar að þeir hlusti og spili á annan hátt en þeir eru vanir.

Mig langar að biðja þig, hlustandi góður, að prófa að gera slíkt hið sama. Mig langar að biðja þig að taka örlítinn tíma í byrjun tónleikanna til að undirbúa hlustunina. Þegar þú byrjar að heyra hljóð, langar mig að biðja þig að taka eftir því hvernig þú hlustar, og færa svo skynjunina. Hvernig þú gerir það er undir þér komið, en þú gætir t.d. fært hlustunina frá eyrum niður í axlir, eða þú getur fært hljóðið sem þér finnst koma að framan, fyrir ofan þig. Hvernig sem þú ákveður að hlusta, reyndu að gera það einbeitt en á sama tíma eins áreynslu- og hugsanalaust og þú getur.

Takk fyrir að hlusta

Hildur “

Ítalska tónskáldið og tónlistarfræðingurinn **Giuliano d'Angiolini** (f. 1960) nam tónsmíðar og tónlistarfræði við Conservatorio di Santa Cecilia í Rómaborg. Á sviði tónlistarfræði hefur hann samið fjölda greina og bóka og tónlist hans hefur verið flutt af sveitum á borð við Alter Ego, Ensemble 2e2m, Ensemble Fa, Ictus, Le Banquet, Ensemble Moderne, Musique Nouvelle, Quatuor Parisii og Art Zoyd auk þess sem tónlist hans hefur hljómað á ýmsum tónlistahátíðum.

„*Giuliano d'Angiolini (f. 1960) á engan sinn líka í heimi samtímatónlistar. Hann hefur þróað það sem hann nefnir ópersónulega tónlist sem lætur lönd og leið hugmyndina um þróun eða form ... það sem við heyrum er án forms eða skipulags og okkur er jafnvel frjálst að hætta að hlusta og koma svo aftur þegar okkur dettur í hug, svona að hætti hlustanda samtímans þar sem áreitið dynur stanslaust á honum og hans er að vinsa úr hvað hann vill heyra.*“ (Gérard Pesson)

Anna Þorvaldsdóttir (f. 1977) hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2012. Hún nam tónsmíðar í Reykjavík og í San Diego í Kaliforníu þaðan sem hún útskrifaðist með doktorspróf árið 2012. Verk hennar hafa verið flutt víða um heim og geisladiskurinn *Rhizoma* með verkum hennar hlaut frábærar viðtökur þegar hann kom út árið 2011. Hún hefur samið fjölmörg verk fyrir alls kyns hljóðfærasamsetningar, þar af nokkur fyrir símfónihljómsveit.

Um verkið sitt, **Into – second self**, segir hún meðal annars: „Titillinn vísar á ákveðinn hátt til þess að skoða andstæður, þ.e. andstæðurnar á milli hins hljóða og fíngerða og hins háværa og grófa. Verkið hefur ákveðin tengsl við *Skugga/Shadows* sem var skrifað fyrir vígslu glerhjúpsins í Hörpu árið 2011, en það kemur einkum til af hljóðfærasamsetningunni og því að hljóðfærunum

Dagskrá

FÖSTUDAGUR

19. APRÍL

Undir tekur
yfir

er dreift um rýmið (í þessu tilfelli um Eldborgarsalinn). Ákveðin tenging er líka við hljómsveitarverkið *Aeriality*, einkum vegna kvarttónanotkunar. Hugmyndafræði verksins gengur hvað mest út á að skapa hljóðheim á milli slagverksins og blásaranna sem hvort heldur er sameiginlegur eða ólíkur á milli hljóðfæranna. Þannig leitast slagverkið við að mynda flæðandi hljóð með blásurunum á ákveðnum stöðum og á öðrum stöðum framkalla blásararnir ritmísk mynstur í takt við slagverkið. Flæðið þarna á milli er síðan það sem heldur verkinu saman. Annars er hið sjónræna líka nokkuð stór partur af verkinu – en það kemur til dæmis til af því hvernig hljóðfæraleikurunum verður raðað um salinn.“

21:30 - ANDDYRI

Christian Wolff: Wobbly Music (1975/6)

Kammerkór Suðurlands

Stjórnandi: Egill Gunnarsson

Wobbly Music er hápólítískt verk þar sem Wolff sækir texta og söngva í bandaríska stétta- og réttindabaráttu, einkum og sér í lagi í texta og baráttusöngva sem tengjast frægu verkfalli verkamanna í vefnaðarverksmiðjum í Lawrence í Massachusetts árið 1912 þegar tugþúsundir verkamanna- (og kvenna) lögðu niður störf um ríflega tveggja mánaða skeið. Með *Wobbly* er vísað til hinnar alþjóðlegru verkamannahreyfingar (International Workers of the World, IWW eða Wobblies) sem var stofnuð árið 1905 og starfaði af miklum krafti í Bandaríkjunum á fyrstu áratugum 20. aldar. „Róttækasta hreyfing sem stofnuð hefu verið í Bandaríkjunum,“ segir hinn pólitíski Wolff, „og hugmyndafræði þeirra er svo áhugaverð því þar er blandað saman sósíalisma og anarkisma, sem er hið ákjósanlegasta ástand í samfélaginu.“

Kammerkór Suðurlands hefur unnið með og flutt tónlist eftir tónlistarmenn úr ólíkum áttum, t.d. Ragnhildi Gísladóttur, Gunnari Reyni Sveinsson, Benna Hemm Hemm, Jón Nordal, Báru Grímsdóttur og John Tavener. Aðalstjórnandi kórsins er Hilmar Örn Agnarsson en stjórnandi kórsins á *Tectonics* er Egill Gunnarsson.

22:00 - NORDURLJÓS

Fjórir Bandaríkjamenn

Morton Feldman: Voice, violin and piano fyrir rödd, fiðlu og píanó (1976)

Morton Feldman: For Franz Kline fyrir fyrir sópran, horn, slagverk, fiðlu, selló og píanó. (1962)

Jessika Kenney, rödd
Félagar úr S.Í:
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Jósef Ognibene, horn
Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Steef van Oosterhout, slagverk

Eli Keszler: Breaker – NEUM: Sóló

Jessika Kenney / Eyvind Kang: Dúó

Bandaríska tónskáldið **Morton Feldman** (1926-1987) samdi tríóið **Voice, Violin and Piano** árið 1976 en á þessu skeiði samdi hann fjölmörg stutt verk þar sem mannsröddin er eitt á meðal hljóðfæranna. Söngvarinn syngur langa orðlausa tóna á móti stöku tónum frá fiðlu og hljómunum píanósins. Efniviðurinn er ótrúlega fínlegur og brothættur þar sem gælt er við litbrigði og áferð og þögnin er jafn mikilvæg og hljóðið.

Tónverkið **For Franz Kline** samdi Feldman árið 1962 og tileinkaði minningu bandaríska málarans og afstrakt-expressíonistans Franz Kline (1910-1962) sem þekktur er fyrir svört og hvít málverk sín. Verkið tilheyrir því sem nefnt hefur verið annað skeiðið á sköpunarferli Feldmans þar sem ákvarðanir um tónhæð, tónlengd og áferð voru látnar í hendur flytjendum. Hér er tónhæð raunar mótuð af tónskáldi en lengd hvers tóns fyrir sig skal ákveðin af flytjendum. Hljómasamhengi er því tilviljunarkennt eftir því hversu lengi hver og einn hljóðfæraleikari/söngvari heldur hverri nótu fyrir sig. Verkið er því afar ólíkt frá einum flutningi til annars.

23:00 - KALDALÓN

Eli Keszler: Breaker – NEUM


Duo Harpverk og Eli Keszler

Dagskrá

LAUGARDAGUR - 20. APRÍL

Dagur 3

Og eitt leiðir af öðru



15:00 - ANDDYRI

S.L.Á.T.U.R. skólinn

Menntaverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Tónlist, endurvinnsla, skógrækt

Nemendur úr Brúarskóla í samvinnu við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Áka Ásgeirsson, Jesper Pedersen, Sorpu og Skógrækt ríkisins. Verkefnið er styrkt af 365 Miðlum.

Nemendur Brúarskóla hafa í samvinnu við kennara skólans og tónskáldin Áka Ásgeirsson og Jesper Pedersen smíðað hljóðfæri úr fundnum gripum sem leynast í Góða hirðinum. Skeiðar, dósir, spaðar, gripir úr málmum og tré öðlast nýtt líf, verða að hljóðgjöfum og skúlptúrum.

16:00 - NORÐURLJÓS

Foldarrými

- 0) Áki Ásgeirsson: *10 sprengingar* (2013 – frumflutningur)
 - 1) Christian Wölff: *Metal and Breath* fyrir tvo eða fleiri flytjendur (2007)
 - 2) Páll Ívan Pálsson: *Hrista* (2013 – frumflutningur)
 - 3) Christian Wölff: *Stones úr Prose Collection* (1968/71)
 - 4) Þórunn Björnsdóttir: *My life is your life* (2013 - frumflutningur)
 - 5) Christian Wölff: *Groundspace úr Prose Collection* (1968/71)
- Fengjastrútur og fleiri

Tónlist **Aka Ásgeirssonar** (f. 1975) hefur verið flutt víða um heim af flytjendum á borð við Ingólf Vilhjálmsson, Tobias Guttman, Tinnu Þorsteinsdóttur, Aton, Caput, Hestbak, POING tríóið, Frank Aarnink, Blásarasveit Reykjavíkur, Michael Manion, SOIL Ensemble og fleiri og fleiri. Hann nam tónsmíðar í Den Haag í Hollandi hjá Martijn Padding og Clarence Barlow. Áki er einn stofnenda tónskáldahópsins S.L.Á.T.U.R. Áki samdi **10 sprengingar** í apríl 2013 fyrir Fengjastrút.

Titill verks Christian Wolff, **Metal and Breath**, segir allt sem segja þarf. Hljóðheimur úr málm og andardrætti þar sem hljóðfæraleikarar (tveir eða fleiri) spila á slagverkshljóðfæri sem einkum eru gerð úr málm.

Páll Ívan Pálsson (1981) hefur samið fjölmörg verk fyrir alls kyns hljóðgjafa og hljóðfæri, gömul og ný, sem flutt hafa verið við ýmis tækifæri af ótal flytjendum svo sem Fengjastrút, Unu Sveinbjarnardóttur, Tinnu Þorsteinsdóttur, Duo Harpverk og fleiri. Verk hans hafa verið flutt á ýmsum tónlistarhátíðum, t.d. Myrkum músíkdögum, Sláturtíð, Jaðarberi og Tectonics-tónlistarhátíðinni. Samhliða tónlist fæst Páll Ívan við myndlist, malar og býr til innsetningar. Um nýja verkið **Hristu** segir Páll Ívan: „Það er margt eftir óhrist.“

Prose Collection (Prósasafn) er samsafn 14 tónverka eða gjörninga þar sem Christian Wolff skapar ákveðnar aðstæður fyrir flytjendur með mjög opnum rituðum fyrirmælum. Spilað er á steina, spýtur, unnið með alls kyns orð og nöfn og liti, hljóðfæri eru búin til, hugsað er um púls, blístrað, klappað ... verkin geta verið flutt af leikum og lærdum enda hefur tenging Wolff við áhugamenn lengi verið mikil.

Um verkið **Stones** (Steina) segir Wolff t.d. eftirfarandi:

„Búðu til hljóð úr steinum, laðaðu fram hljóð úr steinum, notaðu steina í alls kyns stærðum, tegundum (og litum), stundum á lágstemmdan máta, en af og til verður atburðarásin hröð. Sláðu steina með steinum en sláðu líka steinum á annars konar yfirborð (innan í trommu svo dæmi sé tekið) og fáðu hljóð líka fram á annan hátt en að slá steinum (strjúka eða rafmagna). Ekki brjóta neitt.“

Þórunn Björnsdóttir (f. 1971) nam tónlist og myndlist í Reykjavík og síðar í Amsterdam og Den Haag í Hollandi. Hún hefur gert fjölmargar innsetningar, unnið með ýmiss konar hljóðgjafa og í ýmsa miðla. Hún starfar við listsköpun og kennslu.

Dagskrá

LAUGARDAGUR

20. APRÍL

Og eitt leiðir
af öðru

My life is your life var samið árið 2013. Þetta er verk fyrir hversdagslega hluti úr lífi flytjenda.

Groundspace er kafli úr *Prose Collection* eftir Wolff.

Tónlistarhópurinn **Fengjastrútur** hefur flutt tónlist eftir Pauline Oliveros, Christian Wolff, Nam June Paik og félagi tónskáldahópsins S.L.Á.T.U.R. svo eitthvað sé nefnt. Fengjastrútur vinnur mikið með gjörninga, tónsmíðar sem byggja á grafískri nótnaskrift og opnum fyrirmælum. Hljóðfæraskipan hópsins er galopin og aðlöguð hverju verkefni fyrir sig. Flestir félagar í hópnun spila á fleiri en eitt hljóðfæri og eru jafnframt tilbúnir til að takast á við ýmiss konar verkefni sem listin krefst af þeim, t.d. að klífa reipi, hugleiða í margar klukkustundir á undan gjörningi, spila á ýmiss konar óhefðbunda hljóðgjafa og þar fram eftir götunum.

17:00 - HÓTELGRUNNUR

Oliveros og Wolff

Christian Wolff: Pit music úr *Prose Collection* (1968/71)

Pauline Oliveros: Willowbrook Generations and Reflections (1976)

Fengjastrútur og gestir

Stjórnendur: Ilan Volkov, Áki Ásgeirsson og Guðmundur Steinn Gunnarsson

Pit Music tilheyrir *Prose Collection* en fyrirmæli tónskáldsins eru eftirfarandi:

” Finndu eða búðu til holu sem myndar hljómbotn. Komdu fyrir stöng úr sveigjanlegum efniviði nálægt holunni, stingdu henni í jörðina eða gakktu úr skugga um að hún haggist ekki. Bittu band við enda stangarinnar. Bittu hinn enda bandsins við trjábörk eða sambærilegan efnivið sem hefur verið komið fyrir yfir holunni líkt og pottloki. Settu steina ofan á bökinn þannig að hann haldist fastur. Hagræddu stönginni og lokinu þannig að strengurinn sé þaninn. Þegar tónlistarmaðurinn spilar á strenginn mun ef til vill koma í ljósi áhugi hans á laglínunum. “

Bandaríski tónlistarfrumkvöðullinn, tónskáldið og þúsundþjálamsiðurinn **Pauline Oliveiros** (f. 1932) samdi verkið **Willowbrook Generations and Reflections** fyrir skólahljómsveit Willowbrook menntaskólans í Illinois árið 1976.

Verkið er samið fyrir blásara og söngvara (20 eða fleiri) eða kór einvörðungu. Í raddskrá er uppsetningu verksins svo lýst:

Í fyrsta hópnum, The Generating Group eða framköllunarhópnum, eru tveir stjórnendur og 12 flytjendur (sex pör) en hvert par fyrir sig á að spila á hljóðfæri/framkalla hljóð sem eru áþekkt hvað tónsvið og tónstyrk snertir. Þessi hópur á að framkalla mikil blæbrigði í styrk og spanna vítt tónsvið.

Þriðji stjórnandinn stjórnar hinum hópnum, The Reflecting Group, endurspeglunarhópnum, sem hefur á að skipa að lágmarki 15 manns en hámarksfjöldi flytjenda fer eftir stærð tónleikasalarins og ómtíma hans. Flytjendurnir í þessum hópi eiga líka að framkalla mikil blæbrigði í styrk og spanna vítt tónsvið.

18:00 - ANDDYRI

Christian Wolff: Burdocks (1970/71)

Lúðrasveit æskunnar

Burdocks (Þistlar) eftir **Christian Wolff** er samið á árunum 1970 til 1971 fyrir að minnsta kosti fimm hljóðfæraleikara, þ.e. einn hóp sem hefur á að skipa a.m.k. fimm hljóðfæraleikurum. (Hóparnir geta verið óendanlega margir og hljóðfæraleikarar hvers tiltekins hóps sömu-leiðis.) Verkið samanstendur af tíu hugmyndum sem hljóðfæraleikararnir geta ákveðið í hvaða röð þeir spila. Í nótum hljóðfæraleikaranna skiptast á texti og/eða grafísk nótenskrift. Fyrirmælin eru misýtarleg: Í einum partinum stendur til dæmis einungis eitt orð, „flying“ (að fljúga) og flytjandanum er látið eftir að túlka merkingu þeirra fyrirmæla.

”Ég sá fyrir mér The Scraeth orchestra, samfélag tónlistarmanna úr klassík, spuna, djass o.s.frv. þar sem saman voru komnir leikir og lærðir. Andinn var anarkískur. Ég hef líka orðið fyrir áhrifum af hljóðritunum af pygmíatónlist, hálfspunninni fjölradda tónlist heils samfélags.“ (Christian Wolff um Burdocks.)

18:30 - SILFURBERG

People Like Us

Vicki Bennett (People Like Us): „Consequences (One Things Leads to Another)“ (2013)

Flytjandi: People Like Us

People Like Us er listamannanafn hinnar ensku Vicki Bennett.

Dagskrá

LAUGARDAGUR

20. APRÍL

Og eitt leiðir
af öðru

People Like Us endurvinnur efni úr tónlist, útvarpi og kvikmyndum sem hún fléttar inn í eigin gjörninga, kvikmyndir, hljóðverk og útvarpsverk. Árið 2006 veitti Breska ríkisútvarpið, BBC, henni ótakmarkaðan aðgang að hljóðasafni stofnunarinnar. People Like Us hefur sýnt og komið fram í Tate Modern, Barbican-listamiðstöðinni, Óperuhúsinu í Sydney og Pompidou listamiðstöðinni í París svo að eitthvað sé nefnt, og gert útvarpsþætti fyrir John Peel og Mixing It á BBC. Allt eldra efni People Like Us /Vicki Bennett er hægt að nálgast ókeypis á Ubu Web.

Verkið **Consequences (One Thing Leads to Another)** var frumflutt/sýnt í Haus der Kulturen der Welt í Berlín 31. janúar síðastliðinn. Í verkinu fléttast saman fundin og frumsamin mynd/tónbrot - myndir raðast upp hver á fætur annarri, mynda merkingu sem svo splundrast. Orðið Consequences vísar hér í tvennt: 1) Afleiðing af einhverju sem á undan er gengið. 2) Leikur (sem súrrealistarnir kölluðu Exquisite Corpse) þar sem nokkrir einstaklingar flétta áfram sameiginlega sögu (í orðum eða myndum) án þess að vita nema að mjög litlu leyti hvert framlag hinna einstaklinganna verður.

19:30 - NORÐURLJÓŠ

Christian Wolff II

Christian Wolff:

Prelúdíur fyrir píanó (1980-81 / 2009)

Víkingur Ólafsson, píanó

Violist Pieces fyrir víólu (1997)

Eyvind Kang, víóla

For Morty fyrir klukkuspil, víbrafón og píanó (1987)

Félagar úr S.Í.:

Frank Aarnink og Steef van Oosterhout, slagverk

Valgerður Andrésdóttir, píanó

Digger Song fyrir fiðlu, víólu, selló og slagverk (1988)

Félagar úr S.Í.:

Sif Tulinius, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló

Frank Aarnink, slagverk

Píanótónlist hefur skipað veigamikinn sess á höfundarferli **Christian Wolff** enda átti hann því láni að fagna að eiga hinn frábæra píanóleikara David Tudor að nánnum vini og samstarfsmanni en fyrir hann hefur hann samið ógrynni verka. Hér hljóma valin verk úr safni tveggja prelúdíusafna frá mismunandi skeiðum á ferli Wolffs. Bæði söfnin eru opin til túlkunar, mismikið þó. Í einni prelúdíunni úr eldra safninu flautar píanóleikarinn til að mynda spunakennda laglínu á móti liggjandi hlómum sem ná yfir stærstan hluta hljómborðsins.

Einleiksverk Wolff fyrir víólu, **Violist Pieces**, var samið árið 1997. Verkið samanstendur af sex stuttum köflum. Þeir fyrstu þrír eru án undirtitils en þeir þrír síðarnefndu bera undirheitin Resonant (endurómami), Clear (tært) og Freely (frjálslega).

For Morty (1987) fyrir víbrafón, klukkuspil og píanó var samið til minningar um bandaríska tónskáldið Morton Feldman, náninn samstarfsmann og vin Christian Wolff, sem lést í september 1987, aðeins 64 ára, en ótal tónskáld brugðust við dauða Feldmans með því að semja verk til minningar um þetta merkilega tónskáld. Hljóðfærin þrjú sem hér mynda hljóðheiminn hafa sérstaka tengingu við sérlega fínlega ofinn hljóðheim Feldmans.

Digger Song fyrir fiðlu, víólu, selló og slagverk samdi Christian Wolff árið 1988 á 76 ára afmæli John Cage. Í verkinu er unnið mikið með alls kyns blæbrigði hljóðfæranna, þau eru barin og bönkuð, hljóðfæraleikarar blístra og í sumum köflum verksins spila hljóðfæraleikararnir algerlega óháðir hver öðrum svo úr verður magnaður glundroði.

20:30 - SILFURBERG

Tónlist og kvikmyndir

Jesper Pedersen: HAĴODAKESE (2012/13 - frumflutningur)

Þetta verk er samið með stuðningi Dansk Kulturfond

Halldór Úlfarsson: Duó fyrir EMS & balldorphone (2012/13 - frumflutningur)

Vicki Bennett (People Like Us): „Gesture Piece“ (2013 - frumflutningur)

Flytjendur:

David Þór Jónsson, Hlynur Aðils Vilmarsson, Jesper Pedersen,
Kristín Þóra Haraldsdóttir, Skúli Sverrisson

Dagskrá

LAUGARDAGUR

20. APRÍL

Og eitt leiðir
af öðru

Jesper Pedersen (f. 1976) lauk Mastersgráðu í tónsmíðum frá Háskólanum í Álaborg. Verk hans hafa verið flutt af Adapter tónlistarhópnum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fengjastrúti, Dúó Harpverk, Tinnu Þorsteinsdóttur píanóleikara, Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara og fleirum. Í tónsmíðum sínum rannsakar hann samspil hins sjónræna við tónlistina, möguleika hreyfinótta, samspil tækni og lifandi tónlistarflutnings og meira og fleira.

HAJODAKESE er fyrir fimm hljóðfæraleikara sem elta nótnaskrift á tölvuskjá. Verkið tekur um það bil 10 mínútur í flutningi.

Halldór Úlfarsson hefur undanfarin ár verið að þróa hljóðfæri sem nefnist dórófónn en um er að ræða rafrænt strengjahljóðfæri sem minnir einna helst á selló í útliti. Tónlistarmenn á borð við Hildi Ingveldardóttur Guðnadóttur hafa unnið með dórófóninn og tónskáld hafa samið verk fyrir dórófón og barokkhljóðfæri.

Dúett fyrir dórófón og EMS byggir á hljóðgjafanum dórófóni annars vegar, vinnumódeli með nýjum nemum sem Halldór hefur verið að þróa, og svo rafhljóðfærum sem finna má hjá EMS (Raftónlistarstúdíóinu) í Stokkhólmi þar sem Halldór hefur haft vinnuaðstöðu undanfarið en þar er að finna bæði Buchla hljóðgervilmódúl og Serge hljóðgervilmódúl. Um hljóðfæraleik sjá Tommi Keranen frá Finnlandi og Derek Holzer frá Bandaríkjunum.

Um er að ræða klippiverk eða collage. Hljóðfæraleikararnir Keranen og Holzer nýta sér dórófóninn og setja í samhengi við þessi viðfrægu rafmagnshljóðfæri úr EMS. Hljóðfæraleikararnir taka upp í sinn hvoru lagi en verða svo klipptir saman í eitt verk. Tónlistarmennirnir eru vísitandi tveir, í sýnilega mismunandi upptökusessjónum.

Gesture Piece er 40 mínútna löng kvikmynd eftir Vicki Bennett (People Like Us) þar sem notast er við brot úr hundruðum ólíkra kvikmynda en brotin eiga það sammerkt að búa yfir bendingum eða leiðbeiningum af einhverju tagi. Þær bendingar geta tónlistarmenn svo túlkað að vild en myndin er gerð með lifandi tónlistarflutning í huga þar sem tónlistarmenn túlka og láta myndbrotni leiða sig áfram. Um flytjendur í verki Vicki Bennett:

Tónlist **Hlyns Adils Vilmarssonar** (f. 1976) hefur verið flutt af tónlistarmönnum og hópum á borð við Núton, Duo Harpverk og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur starfað jöfnum höndum í

dauðarokki og sígildri samtímatónlist, spilaði með hljómsveitinni Trabant og dauðarokksveitinni Strigaskór nr. 42.

Bassaleikarinn og tónskáldið **Skúli Sverrisson** hefur komið fram víða um heim og leikið inn á yfir 100 hljómplötur. Á meðal samstarfsmanna hans má nefna Wadada Leo Smith, Derek Bailey, Lou Reed, David Sylvian, Arto Lindsey, Ryuichi Sakamoto, Laurie Anderson, Eyvind Kang og Anthony Burr.

Víóluleikarinn og spunatónlistarmaðurinn **Kristín Þóra Haraldsdóttir** nam tónsmíðar í Reykjavík og Los Angeles. Hún hefur spilað með hljómsveitum og sveitum eins og New Century Players, Dog Star Orchestra, Sonic Boom, Fengjastrúti og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún er félagi í hljómsveitinni Mógil. Hún hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir, vídeó, gjörninga og innsetningar.

Tónskáldið og píanóleikarinn **Davíð Þór Jónsson** (f. 1978) hefur unnið í leikhúsi, kvikmyndum og gjörningum og leikið með stórum hópi tónlistarmanna. Á meðal samstarfsmanna má nefna ADHD, Jól Pálsson, Curver, Amadeo Pace og Ólöfu Arnalds. Davíð hefur leikið inn á fjölmargar plötur, gefið út plötur með eigin efni og verið einn nánasti samverkamaður myndlistarmannsins Ragnars Kjartanssonar á undanförunum árum.

21:15 - ANDDYRI

Hildur Ingvaldardóttir Guðnadóttir: Yfir á hæðum (2013 – frumflutningur)
Lúðrasveit æskunnar

Um verkið segir Hildur:

Yfir á hæðum er í sömu fjölskyldu og Undir tekur yfir. Verkið byggir einnig á staðsetningu okkar á skynjunum. Stærsti munurinn á verkunum er sá að í *Yfir á hæðum* er skynjanahreyfingin ekki einungis huglæg, heldur er lúðrasveitin á víð og dreif um allar hæðir í anddyri Hörpu. *Yfir á hæðum* byggir einnig á teikningum og tilraunum með grafíska nótnaskrift.

Til hlustandans;

Mig langar að biðja þig sem hlustar á bæði verkin að fylgjast með því hvernig þú hlustar á **Yfir á hæðum** í samanburði við *Undir tekur yfir* - t.d. hvort það sé munur á því að hlusta á hljóð sem hreyfast, eða hvort það sé öðruvísi að hlusta standandi frá því að hlusta sitjandi. Prófaðu að hlusta aktívt, eins og þú sért þátttakandi í flutningnum með því að hlusta.“

Dagskrá

LAUGARDAGUR

20. APRÍL

Og eitt leiðir
af öðru

22:00 - SILFURBERG

Lokatónleikar

Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir / Skúli Sverrisson

Borgar Magnason / Jóel Pálsson

Reptilicus: Re: written

Kjartan Sveinsson / Skúli Sverrisson:

Kontrabassaleikarinn og tónskáldið **Borgar Magnason** hefur starfað með stórum hópi listamanna sem koma úr ýmsum geirum tónlistar og öðrum listgreinum. Hann hefur starfað mikið með tónlistarmönnum Bedroom Community og komið fram víða um heim á tónleikum auk þess sem hann hefur unnið tónlist fyrir dans, leikhús, kvikmyndir og myndlistargjörninga.

Saxófónleikarinn og tónskáldið **Jóel Pálsson** hefur gefið út fimm plötur með eigin tónlist auk þess sem hann hefur leikið á inn á rúmlega 100 geisladiska. Hann hefur fimm sinnum hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og var árið 2011 tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hann hefur leikið á tónleikum og tónlistarhátíðum víða í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Kína.

Reptilicus er samstarfsverkefni tónlistarmannanna Jóhanns Eiríkssonar og Guðmundar Inga Markússonar en hljómsveitin var stofnuð árið 1988. Reptilicus telst til helstu frumkvöðla á sviði tilraunakendrar raftónlistar á Íslandi. Sveitin hefur gefið út fjölmargar snældur, víníplötur og geisladiska með tilraunakenndri hávaðatónlist. Verkið **Re: written** byggja þeir félagar á upptökum sem gerðar hafa verið á Tectonics-hátíðinni í ár.

Hljómborðsleikarinn, og tónskáldið **Kjartan Sveinsson** starfaði með hljómsveitinni heimsfrægu Sigur Rós frá árinu 1998 en sagði nýverið skilið við sveitina. Hann hefur samið tónlist fyrir kvikmyndir, unnið með stórum hópi tónlistarmanna og starfað náið með myndlistarmanninum Ragnari Kjartanssyni.

Um Hildi og Skúla, sjá á bls 18 og 29 í bæklingnum

INNSETNINGAR

Tónlist fyrir fundið reiðhjól

Hlynur Aðils Vilmarsson / Halldór Úlfarsson:
Stemma, fundarherbergi á fyrstu hæð
Laugardagur

Höfundar hafa eftirfarandi að segja:

” Verkið er tónlist eftir Hlyn Aðils Vilmarsson fyrir sjálfspilandi hljóðfæri sem hann og Halldór Úlfarsson unnu úr fundnu reiðhjóli. Verkið semst og spilast sjálfvirkt, samkvæmt algöríþmískri forskrift Hlyns. Áhorfendur munu sjá og heyra að hljóðheimurinn á sér allur uppruna í reiðhjólastellinu.

Hljóðfæri tilheyra opnu mengi síðan tónskáldið Luigi Russolo komst að því að honum þættu hefðbundin hljóðfæri frekar leiðinleg.

Listaverk geta verið hvað sem er síðan Marcel Duchamp gerði óvart list úr fundnu drasli.

Veröldin er önnur, við megum meira en við máttum áður.

Veil! “

HEIÐURSGESTUR TECTONICS 2013

Christian Wolff



Christian Wolff er yngstur þeirra sem nú teljast til New York skólans, fæddur 1934 í Nice í Frakklandi en fluttist ásamt foreldrum sínum til New York árið 1941, á flóttu undan uppgangi fasismans í Evrópu. Foreldrar hans voru bókaútgefendur sem stofnuðu ásamt öðrum Pantheon-bókaútgáfuna í New York sem enn lifir góðu lífi. Á þeirra vegum kom út hið kínverska I Ching, en þetta klassíska spádómsrit átti eftir að skipta sköpum á ferli John Cage þegar Wolff færði vini sínum bókina að gjöf. Cage nýtti sér óræð hexagróm I Ching þegar hann samdi mörg verka sinna.

Það var fyrir tilstilli píanókennara Wolffs, Grete Sultan, sem kynni tókust með Cage og Wolff en Sultan mælti með Cage sem tónsmíðakennara fyrir Christian Wolff, þá sextán ára. Tónsmíðatímarnir urðu ekki margir en mörkuðu djúp spor á Wolff sem er að öðru leyti sjálfmenntað tónskáld (en er hins vegar með doktorsgráðu í fornfræði frá Harvard og hefur starfað innan akademíunnar sem kennari og fræðimaður). Hjá Cage kynntist hann verkum Webers fyrir alvöru en Wolff hefur nefnt Webern og gegnsætt og tært tónmál hans sem einn af sínum helstu áhrifavöldum.

Náin vinátta tókst með unglíngnum Wolff, Cage og vinahópi hans en til hans heyrðu auk fyrrnefndra tónskálda alls kyns listamenn, David Tudor píanóleikari, Merce Cunningham danshöfundur, myndlistarmenn á borð við Robert Rauschenberg og Jasper Johns og fleiri og

fleiri. Wolff varð fyrir miklum áhrifum af listsköpun þessa hóps og starfaði með einstaklingum innan hans, meðal annars Merce Cunningham, en fyrir danshóp Cunningham samdi Wolff fjölmörg tónverk. Samstarfið var allsérstætt, þeir þróuðu dansinn og tónlistina algerlega í sinn hvoru lagi og dansararnir fengu jafnvel ekki að heyra tónlistina fyrir en á lokaæfingunni. Slíkt samstarf þótti byltingarkennt á sínum tíma og þykir jafnvel enn, en Wolff hefur sagt að hann hafi orðið fyrir miklum áhrifum af listrænni afstöðu Cunninghams til dansins.

Snemma á sjöunda áratugnum kynntist Wolff svo tónskáldunum Frederic Rzewski og Cornelius Cardew en allir áttu þeir það sammerkt að leita eftir nýjum tónsmíðaaðferðum þar sem flytjendur eru virkjaðir til sköpunar. Tónskáldið smíðar ramma (misþrönga og sveigjanlega) og innan þeirra móta flytjendurnir svo framvindu tónsmíðarinnar. Wolff þróaði tónsmíðaaðferð sem hann nefnir *cueing* þar sem framvinda verksins ræðst af vísbendingum eða lyklum sem flytjendur nema frá hver öðrum, þar sem hlustunin þarf að vera einbeitt og djúp. Af stað fer ákveðin keðja, framvindan markast af samhengi og samtali milli flytjendanna. Hlustunin er lykilatriði þar sem hlustað er eftir því sem samleikararnir eru að gera og útkoman er ófyrirsjáanleg. Segja má að ákveðin lýðræðishugmynd liggja að baki hugmyndum Wolffs um flytjendur, alræði stjórnandans / tónskáldsins er þar fyrir bí og flytjandinn sjálfur tekur virkan þátt í sköpun verksins.

Tónlist Wolffs komst í tísku á meðal aðdáenda bandarísku hljómsveitarinnar Sonic Youth þegar sveitin gaf út plötuna *Goodbye 20th century* árið 1999 en þar flutti sveitin verkin *Edges* og *Burdocks* ásamt tónskáldinu sjálfu.

Flytjendur

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIDLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Greta Guðnadóttir
Gunnbildur Daðadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Mark Reedman
Júliana Elín Kjartansdóttir
Ágísta María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIDLA

Una Sveinbjarnardóttir
Roland Hartwell
Christian Dietbard
Greta Salome Stefánsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
María Weiss
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristín B. Ragnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrunð Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Runólfsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Auður Ingvadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Ásbildur Haraldsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jónsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
Dávid Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PIANÓ/CELESTA/HARMONIUM

Anna Guðný Guðmundsdóttir

CELESTA

Valgerður A. Andrésdóttir

PÁKUR

Egbert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

KAMMERKÓR SUÐURLANDS

SÓPRAN

Elín Gunnlaugsdóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Guðrún Kristinsdóttir
Sigrún Steingrímsdóttir

ALT

Anna Hafberg
Bjarney Halldórsdóttir
Eygló Rúnarsdóttir
Hildigunnur Einarisdóttir
Nína María Morávek
Sigrún Arna Arngrímsdóttir
Þorgerður Einarisdóttir

TENÓR

Ari Páll Kristinsson
Gísli Magnússon
Guðmundur Vignir Karlsson
Karl Oddason
Þorkell Nordal
Örnólfur Eldon Þórsson

BASSI

Egill Gunnarsson
Georg Kári Hilmarsson
Hilmar Örn Agnarsson
Magnús Pálsson
Snorri Hallgrímsson

HLJÓÐFERALEIKARAR Í

WOBBLY MUSIC:

Charles Ross, gítar, banjó
Magnús Pálsson, klarinett
Hilmar Örn Agnarsson, bljómborð
Örnólfur Eldon Þórsson, selló
Ilan Vólkov, bljómborð?

FENGJASTRÚTUR

Áki Ásgeirsson
Bára Sigurjónsdóttir
Guðmundur Steinn Gunnarsson
Gunnar Andreas Kristinsson
Gunnar Karel Mátsson
Gunnar Grímsson
Hafalís Bjarnadóttir
Hallvarður Ásgeirsson
Ingibjörg Friðriksdóttir
Jesper Pedersen
Kristín Þóra Haraldsdóttir
Lárus H. Grímsson
Þráinn Hjálmarsson

Hátíð

Sigurður Nordal
framkvæmdastjóri

Arna Kristín Einarisdóttir
tónleikastjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri

Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Una Eyþórsdóttir
starfsmannastjóri

Margrét Sigurðsson
fjármálafultrúi

Kristbjörg Clausen
nótnavörður

Þórunn Vala Valdimarsdóttir
nótnaumsjón

Kolbeinn Bjarnason
verkefnastjóri Tectonics

Ingvar Jónsson
 Ríkharður H. Friðriksson
 Garðar Eiðsson
tæknistjóri

Grímur Grímsson
 Sigbór Guðmundsson
 Eyþór Árnason
 Einar Rúnarsson
 Björgvin Ploder
 Guðmundur Erlingsson
 Árni Gunnar Eyþórsson
 Árni Sigurðsson
sviðstjóri

Páll Ragnarsson
 Rainer Eisenbraun
 Máni Kjartansson
lýsing

Catherine Maria Stankiewicz,
 Hlöðver Sigurðsson,
 Niko Vähäsarja,
 Þorvaldur Örn Davíðsson
Sjálfbodaliðar

Texti: Elísabet Indra Ragnarsdóttir
Hömun: Jónsson & Le'Macks
Umbrot og Prentun: Litróf

Þakkir



Reykjavíkurborg



MENNTA- OG
 MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

THE DANISH ARTS FOUNDATION

365

TECTONICS

18. — 20. APRÍL

Miðasala:

WWW.SINFONIA.IS

WWW.HARPA.IS

*Tónleikapassar fást í
miðasölu Hörpu*

Sími 528 5050



For more information visit the Tectonics webpage

WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM